

Stefnumótun í uppbyggingu öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Vogum



Fjölbreytni- Samvinna - Virðing

Sveitarfélagið Vogar 19. nóvember 2012

Inga Sigrún Atladóttir

Sveindís Skúladóttir

Erla Lúðvíksdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefna og markmið	3
Staðan í dag	4
Stjórnun og starfsemi	4
Félagsleg þjónusta	5
Heilsugæsla og hjúkrunarheimili	6
Skipulagt samráð eða upplýsingagjöf til eldri borgara	6
Framtíðarsýn	7
Mannfjöldaspá.....	7
Stjórnun og starfsemi	7
Félagsleg þjónusta	8
Heilsugæsla, þjónustuíbúðir og Hjúkrunarheimili	9
Skipulagt samráð eða upplýsingagjöf til eldri borgara	9
Tímasett kostnaðaráætlun	10
Niðurlag	10

Inngangur

Á fundi bæjarráðs þann 16. maí 2012 var stofnaður starfshópur sem móta átti stefnu í málefnum eldri borgara í Sveitarfélaginu Vogum. Starfshópurinn átti að móta starfið í öldrunarmálum og gera tillögur til úrbóta. Hópurinn átti m.a. að fjalla um; framtíðarskipulag Álfagerðis, aðgengi eldri borgara í sveitarfélaginu að þjónustu og upplýsingum, aðkoma eldri borgara að mótun félagsstarfs í sveitarfélaginu og hvernig hægt væri að stuðla að aukinni þátttöku eldri borgara í því starfi sem boðið er upp á. Í starfshópnum voru: Inga Sigrún Atladóttir, Sveindís Skúladóttir og Erla Lúðvíksdóttir.

Til að grundvalla vinnu sína á vilja eldri borgara í sveitarfélaginu lagði hópurinn til að gerð yrði úttekt á viðhorfum og aðstæðum eldri borgara í Sveitarfélaginu Vogum og var það samþykkt á fundi bæjarráðs 1. febrúar 2012. Haft var samband við Halldór Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafadeild hjá Háskóla Íslands. Halldór hefur víðtæka reynslu og góða þekkingu á málaflokknum. Ákveðið var að gera greinagóða úttekt á viðhorfum og aðstæðum eldri borgara í sveitarfélaginu og þeim úrræðum eða þjónustu sem veitt er og notkun hennar/nýtingu. Vegna smæðar hópsins í Vogum var talið skynsamlegt að gera könnun í hópnum öllum með það að markmiði að leggja grunn að stefnumótun sveitarfélagsins. Símakönnun var gerð í júlí og ágúst 2012 og var hringt í alla eldri borgara í Vogum, um 90 talsins. Erla Karlsdóttir, nemi við Sálfræðideild Háskóla Íslands, var ráðin í byrjun júní 2012 til þess að annast verkefnið, það er gerð spurningalista, úrvinnslu gagna og skýrsluskrif undir handleiðslu ábyrgðaraðila. Svarhlutfall þegar dregið var frá þeim sem annað hvort voru fluttir úr sveitarfélaginu eða gátu ekki svarað vegna veikinda eða heilsufarsbrests, reiknaðist 78,2%.

Hópurinn sem vann að stefnumótun í kjölfar viðhorfskönnunarinnar hittist nokkru sinnum og vann einnig í gegnum tölvupóst og óformleg símtöl. Drög að skýrslunni hafa verið borin undir starfsmann í öldrunarþjónustu, menningar og tómstundafulltrúa og bæjarstjóra sem gefið hafa gagnlegar ábendingar. Einnig voru hugmyndirnar kynntar á fundi með eldri borgurum í sveitarfélaginu þann 14. nóvember.

Skýrsla þessi er afrakstur vinnu hópsins og var henni skilað til bæjarráðs 21. nóvember 2012.

Stefna og markmið

Í Sveitarfélaginu Vogum hefur frá árinu 2008 verið unnið eftir áherslum heilsueflingar og heilbrigðra lífshátta í skólastarfi. Vinnuhópurinn leggur til að markmið öldrunarþjónustu verði í samræmi við þá stefnumörkun og grundvallarmarkmið öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Vogum verði að viðhalda og efla heilbrigði eldri borgara í sveitarfélaginu og stuðla þannig að því að þeir geti notið sem mestra lífsgæða. Líkamsþjálfun fyrir eldra fólk er gríðarlega mikilvæg og sýna rannsóknir í þeim efnum að með reglubundinni hreyfingu er hægt að hægja á þeim

öldrunarbreytingum sem verða í líkamanum með hækkandi aldri. Aukin hreyfing leiðir af sér: aukinn vöðvastyrk, betra jafnvægi (og þar af leiðandi minni byltuhætta), aukið úthald við dagleg störf og tómstundir, aukinn liðleika, minni hætt á beinþynningu, bætt starfsemi hjarta og æðakerfis og betri andlega líðan. Eitt af markmiðum stefnumótunarinnar er að auka þátttöku eldri borgara í starfinu en í viðhorfskönnun kom fram að aðeins 25 af 92 sóttu félagsstarf í Álfagerði.

Með stefnumörkuninni er markmiðið að efla jafnt líkamlega og andlega getu þannig að eldri borgara með alla sína reynslu og þekkingu geta verið mótandi afl í samfélaginu. Með stefnu í málefnum aldraðra í sveitarfélaginu er leitast við að miða þjónustuna við fjölbreyttar þarfir, getu og vilja eldri borgara undir kjörorðinu **Fjölbreytni- Samvinna - Virðing**.

Með **fjölbreytni** er átt við fjölbreytta hreyfingu og starf sem hæfir aldurshópnum með það að markmiði að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Fjölbreytt starfsemi gefur einnig færi á að nýta þau fjölbreyttu áhugasvið sem eldri borgarar hafa og vera hvatning til þess að hver og einn finni tækifæri til að auðga starfið.

Með **samvinnu** er átt við fjölbreytta samvinnu stofnanna og félagasamtaka í starfi eldri borgara. Samvinna miðlar þeirri sýn að stór hluti af starfi með eldri borgurum sé að nýta þekkingu þeirra og getu og leiða saman einstaklinga þar sem allir hafa hag að samvinnunni. Lögð er áhersla á samvinnu og samhjálp í öldrunarstarfinu og unnið út frá þeirri sýn að maður sé manns gaman.

Með **virðingu** er átt við þá áherslu að allt starf við eldri borgara einkennist að virðingu. Með virðingu er átt við að virðing sé borin fyrir rödd eldri borgara í samfélaginu og vilji þeirra verði leiðarstefið í áframhaldandi mótun öldrunarþjónustu í sveitarfélaginu. Virðing ítrekar einnig mikilvægi þess að virðing sé borin fyrir skoðunum og þekkingu eldri borgara og virðingu fyrir því sem þeir hafa lagt til samfélagsins sem við öll njótum.

Staðan í dag

Stjórnun og starfsemi

Upphaf öldrunarstarfs í Sveitarfélaginu Vogum má rekja til ársins 2004 þegar þáverandi tómstundafulltrúi hóf að bjóða upp á vatnsleikfimi í Íþrótt- og sundmiðstöðinni í Vogum. Jafnframt var tekið upp á þeirri nýbreytni að hafa kaffi með eldri borgurum einu sinn í viku í félagsmiðstöðinni.

Stjórnun öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu hefur frá upphafi verið hluti af verksviði Frístunda- og menningarfulltrúa. Árið 2008 hófst eiginlegt starf með öldruðum með tilkomu Álfagerðis og var þá ráðinn sérstakur starfsmaður til að hafa umsjón með starfinu nú er umsjón á hendi starfsmanns í 50% starfi sem sér um skipulagningu daglegs starfs.

Búmenn hsf. býður íbúum Voga, 50 ára og eldri, þann kost að sækja um íbúðir í eigu Búmannna, sem eru samtals 29 talsins í Vogum. Í Álfagerði eru alls 13 íbúðir sem Húsnæðissamvinnufélagið

Búmenn eiga og eru ætlaðar bæði einstaklingum og þörum. Íbúðirnar í Álfagerði eru í sömu byggingu og þjónustumiðstöðin. Í Vogum eru 16 íbúðir Búmannanna utan Álfagerðis íbúðanna. Íbúar Voga, 50 ára og eldri, eiga kost á að sækja um þessar íbúðir, kaupa búseturétt í þeim og greiða allan rekstrarkostnað. (Hvað eru margar nýttar ?)

Félagsstarf eldri borgara er fyrir alla íbúa sveitarfélagsins 60 ára og eldri. Opið er í Álfagerði mánudaga – fimmtudaga kl. 13 – 17. Sveitarfélagið Vogar sér um starfsemina sem fer fram í þjónustumiðstöðinni. Veturinn 2011-2012 fól starfið í sér að hópur eldra fólks hittist á hverjum miðvikudegi, spilaði félagsvist og fékk kaffi og bakkelsi. Farin var vorferð á þessu ári en ekkert félagsstarf var í Álfagerði í sumar. Upplýsingarit, eða dagskrá félagsstarfsins lá ekki fyrir og var ekki á heimasíðu sveitarfélagsins.

Félagsleg þjónusta

Allir íbúar Sveitarfélagsins Voga sem eru orðnir 67 ára eiga kost á því að fá heimsendan heitan mat í hádeginu, alla virka daga. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans í Vogum, Stóru-Vogaskóla, en þar er einnig eldaður matur fyrir leikskólann Suðurvelli í Vogum. Leikskólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði um heilsuleiksskóla og er tekið mið af því við matargerð og allur matur er eldaður frá grunni á staðnum. Heimsending á hádegismat hefst um klukkan 11:30. Þessa þjónustu er hægt að sækja um á bæjarskrifstofunni í Vogum. Hver matarbakki kostar 570 krónur og er sendingarkostnaður innifalinn.

Sveitarfélögin Sandgerðisbær, Garður og Vogar mynda saman eitt félagsþjónustusvæði. Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla þjónustuþega til sjálfshjálpar og stuðla að því að viðkomandi geti búið sem lengst á heimilum sínum. Um er að ræða margbreytilega þjónustu sem felst m.a. í aðstoð við heimilishald og félagslegan stuðning. Sveitarfélögin ákveða sjálf hve mikla félagslega þjónustu þau veita öldruðum innan ramma laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um málefni aldrea nr. 125/1999. Í dag er einungis boðið upp á þrif í heimaþjónustu í sveitarfélaginu.

Í dag eru 2,75 stöðugildi í heimaþjónustu og er þeim sinnt af 5 starfsmönnum. Heimaþjónusta er veitt á tímabilinu kl. 8.00 – 17.00 virka daga. Í undantekningartilfellum hefur verið farið út fyrir þennan ramma og er farið að bera nokkuð á þörf fyrir lengri þjónustutíma.

Heimahjúkrun veitir hjúkrunar- og lækniþjónustu í heimahúsum á öllum Suðurnesjunum. Markmið heimahjúkrunar er að gera fólki kleift að búa heima sem lengst við sem eðlilegastar aðstæður, þrátt fyrir veikindi og/eða skerta færni. Við heimahjúkrun starfa hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar.

Beiðni um heimahjúkrun getur komið frá notandanum sjálfum, aðstandendum, sjúkráhusum eða öðrum stofnunum. Vinnutími starfsfólks heimahjúkrunar er frá klukkan 08:00 - 14:00 hjá sjúkraliðum og frá klukkan 08:00 - 16:00 hjá hjúkrunarfræðingum, alla daga vikunnar. Kvöldþjónusta er frá klukkan 18:00 - 22:00 þar sem lágmarksþjónusta er sinnt af sjúkraliðum. Hjúkrunarfræðingar eru á sólarhringsbakkvöktum allan ársins hring.

Heilsugæslan sinnir heimahjúkrun samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Í dag er lítil samvinna milli félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Heilsugæsla og hjúkrunarheimili

Heilsugæsla HSS í Reykjanesbæ er opin alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00. Vaktþjónusta lækna utan opnunartíma. Móttaka heilsugæslulæknis er í Vogum alla þriðjudaga frá kl. 08:30 – 12:00 tíma pantanir fara í gegnum símanúmer HSS.

Í Sveitarfélaginu er engin stofnanaþjónusta fyrir aldraða. Sveitarfélagið Vogar er eignaraðili í DS sem rekur hjúkrunarheimilin Garðvang í Garði og Hlévang í Reykjanesbæ. Hjúkrunarheimlið Víðihlíð er rekið af heilbrigðisstofnun suðurnesja í Grindavík og einnig er öldrunardeild á heilbrigðisstofnuninni í Reykjanesbæ. Íbúar í Sveitarfélaginu Vogum hafa aðgang að heimilunum. Nú eru flestir íbúar Sveitarfélagsins sem þurfa á þjónustu hjúkrunarheimilis að halda á Garðvangi en einnig búa nokkrir á Víðihlíð í Grindavík.

Eldri borgurum í Vogum býðst að sækja dagvistun á Nesvöllum í Reykjanesbæ.

Skipulagt samráð eða upplýsingagjöf til eldri borgara

Félag eldri borgara á Suðurnesjum eru frjáls félagsamtök fólks 60 ára og eldri á öllum Suðurnesjum. Félagið býður félagsmönnum að taka þátt í bingó og bridds í félagsmiðstöð félagsins á Nesvöllum í Reykjanesbæ en Lionsklúbburinn í Njarðvík sér um félagsvist fyrir félagsmenn í Ytri-Njarðvírkirkju. Innan félagsins er starfandi kór og púttklúbbur, auk þess sem félagið stendur fyrir samkomum á borð við leikhúsfærðir og ferðalög bæði innanlands og erlendis fyrir félagsmenn. Dagskrá FES er unnin af félaginu og Tómsundastarfi eldri borgara í Reykjanesbæ.

Á fundi Íþrótt og tómsundanefndar Sveitarfélagsins Voga þann 4 febrúar 2008 var lagt til að stofnað verði öldungaráð Sveitarfélagsins Voga. Jafnframt fól nefndin tómsunda og forvarnafulltrúa og ritara ÍTV ásamt formanni að útbúa drög að reglum fyrir öldungaráð sveitarfélagsins. Á fundi nefndarinnar þann 14. apríl voru framlagðar samþykktir fyrir öldungaráð sveitarfélagsins og þær samþykktar. Þann 19. maí 2008 voru skipaðir 3 aðilar í öldungaráð sveitarfélagsins og íþrótt og menningarfulltrúa falið að boða til fundar. Í bæjarstjórn 27. júní 2008 var stofnun öldungaráðs staðfest og fært inn í samþykktir sveitarfélagsins að í öldungaráði skuli sitja fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Ráðið gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni eldri borgara.

Í Sveitarfélaginu er ekki sjálfstætt félag eldri borgara. Engar reglulegar upplýsingar eru sendar til eldri borgara í sveitarfélaginu hvorki um starfslok né það starf sem boðið er upp á í Álfagerði eða annars staðar.

Framtíðarsýn

Mannfjöldaspá

Fjöldi 67 ára og eldri í sveitarfélaginu Vogum janúar 2012 (Hagstofa Íslands)			
67 ára - 69 ára	70 ára - 79 ára	80 ára - 89 ára	90 ára - 99 ára
17	49	21	4

Fjöldi íbúa 80 ára og eldri í Vogum - Mannfjöldaspá til 2035 (Hagstofa Íslands)				
	2011	2015	2025	2035
	25	26	32	52

Ljóst er að eldri borgurum í Sveitarfélaginu Vogum mun fara fjölgandi næstu árin og því má gera ráð fyrir að þörf fyrir heimaþjónustu, öryggisíbúðir og pláss á hjúkrunarheimili aukist hratt. Í tillögnum er horf til þessarar þróunar og lög fram tímasett áætlun sem tekur mið þessari spá.

Stjórnun og starfsemi

Öldrunarmál í sveitarfélaginu heyra undir Frístunda- og menningarfulltrúa sveitarfélagsins, sem tryggir samvinnu málaflokksins við annað frístundastarf í sveitarfélaginu, sem og við menningar- og íþróttastarf á vegum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að styrkja málaflokkinn og horfa ekki aðeins til skipulegs starfs í Álfagerði heldur einnig til þess að starfsmaður í öldrunarmálum hafi góða yfirsýn yfir málaflokkinn, haldi tengslum við þá sem sinna eldri borgurum í sveitarfélaginu t.d. í gegnum heimaþjónustu, dagdvöl og heimahjúkrun. Öldrunarfulltrúi þarf að geta leiðbeint eldri borgurum með hreyfingu og líkamsbeitingu og sinnt leikfimi og léttri hreyfingu með hópnum. Einnig þarf öldrunarfulltrúi að hafa góð tengsl við öldungaráðið og sjá til þess að hlustað sé á eldri borgara og þjónustan nái að mæta þörfum sem flestra.

Lagt er til að auglýst verður eftir fagmenntuðum/reyndum/hæfum í starfsmanni í 100% starf til að hafa umsjón með öldrunarstarfinu. Hugsanlega er hægt að samþætta starfið menningarmálum í samstarfi við menningar og tólmstundafulltrúa. Staða öldrunarfulltrúa verður auglýst og ráðið í 70% starf fyrir starfsárin 2013 – 2014, eða þar til gengið hefur verið frá samstarfi við nesvelli í Reykjanesbæ og íbúðirn í álfagerði hafa verið gerðar að þjónustuíbúðum. Eftir þá breytingu er gert ráð fyrir að öldunarfúlltrúi verði forstöðumaður Álfagerðis og starfssviðið nánar útfært í starfslýsingu.

Öldrunarfulltrúi hefur skrifstofu í Álfagerði og starfar frá kl 9-17 alla virka daga. Frá kl 9-11 er starfið skipulagt og haft frumkvæði af því að hafa samband við eldri borgara og aðra sem virkja má með í starfið. Öldrunarfulltrúi borðar með eldri borgunum milli klukkan 11:00 og 12:00. Eftir hádegi er skipulagt starf.

Álfagerði er miðstöð starfs eldri borgara í Sveitarfélaginu, þar eiga sér stað ýmis fræðslu og samráðsverkefni sem eldri borgarar taka þátt í. Til þess að eldri borgarar geti haft full not af slíkum uppákomum er afar brýnt að sett verði upp hljóðkerfi sem hægt væri að tengja við hljóðnema eftir þörfum.

Mikilvægt er að félagstarfið sé fjölbreytt og þjóni áhugasviði og þörfum hópsins. Tillögur sem komu fram í viðhorfskönnun voru: Bíókvöld, harmonikkuball, bingó, kvöldvökur, vorferðir, árshátíð, þorablót, sönghópur, bókaklúbbur, vinadagur, hópsamræður í umsjón fagaðila, upplestur á sögu. Nefnd var hugmynd að hafa markað á vorin þar sem fólk gæti selt þjónavörur og fleira. Þannig væri til dæmis hægt að safna í einhvers konar ferðasjóð eldra fólks. Hægt væri að fá söngvara eða dansara til að koma og eiga þannig stund í Álfagerði. Einnig harmonikkuleikara einu sinni í mánuði.

Einnig þyrfti að athuga hvort hægt væri að auka þjónustuna í Álfagerði með því að bjóða aðilum að leigja aðstöðu í Álfagerði. Í viðhorfskönnun komu uppástungur um snyrtifræðing, fóttaðgerðafræðing og hárgreiðslumeistara.

Efla þarf hreyfingu meðal eldri borgara og hafa hana fjölbreytta. Hugmyndir: sund, sundleikfimi, ganga, leikfimi, boccia, jóga.

Huga þarf að námskeiðum fyrir eldra fólk t.d. í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða og hefur m.a. tekið að sér að halda námskeið í Vogum t.d. tölvunámskeið, fluguhnýtingar, sækja dans og/eða tréútskurð eða föndur.

Samstarf við félagasamtök gefa aukna möguleika á því að hægt sé að samþætta félagsstarf eldri borgara og almennt félagstarf í sveitarfélaginu. Með því að sameina starf menningarfulltrúa og öldrunarfulltrúa telur hópurinn að auðga mætti félagstarfið.

Félagsleg þjónusta

Lagt er til að boðið verði upp á heitan mat í hádeginu alla daga vikunnar í Álfagerði í hitaborði þar sem eldri borgarar geta borðað saman. Athugun á viðhorfi eldri borgara leiddi í ljós að margir eldri borgarar vildu nýta sér slíka þjónustu. Jafnframt verður boðið áfram upp á heimsendan mat í hádeginu, alla virka daga. Á samráðsfundi með eldri borgurum kom fram ósk um að hægt væri að sjá matseðill fyrir vikuna þ.e panta fyrirfram mat í Álfagerði, sumir hafa áhuga að borða einstaka sinnum ekki fast í Álfagerði.

Lagt er til að félagsþjónustan verði eflað á þann hátt að eldri borgarar sem hana nýta geti fengið aðstoð við persónulega umhirðu og aðstoði við það sem þarf til þess að aldrei geti búið við eðlilegt heimilislíf. Mikilvægt er að sveitarfélögin setji sér nánari reglur um framkvæmd þjónustunnar.

Heilsugæsla, þjónustuíbúðir og Hjúkrunarheimili

Efla þarf samstarf félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar og horfa þar til tilraunaverkefna á Akureyri og í Reykjavík. Hópurinn leggur til að sveitarfélagið þrýsti á samþættingu í gegnum uppbyggingu á Nesvöllum. Hópurinn leggur áherslu á að samþættingin verði gerð á forsendum öldrunarþjónustunnar og sérhæfðir starfsmenn í öldrunarþjónustunni sjái áfram um þjónustu við eldri borgara.

Hópurinn leggur til að sveitarfélagið leiti að samstarfi við Nesvelli, nýtt hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ sem tekið verði í notkun árið 2014 og tryggi íbúum sveitarfélagsins sem þurfa á hjúkrunarvist að halda þá bestu þjónustu sem völ er á. Tryggt verði að allir eldri borgarar fái pláss á Nesvöllum þegar þörf krefur.

Lagt er til að íbúðum í Álfagerði verið breytt í þjónustuíbúðir í samstarfi við heilsugæsluna og hjúkrunarheimilin á svæðinu. Þjónustuíbúðir eru íbúðir sem ætlaðar eru fólki sem þarf meiri aðstoð og stuðning en hægt er að veita í heimahúsum en býr við það góða heilsu að það þarf ekki að dvelja á hjúkrunar eða dvalarheimili. Hver íbúð skal vera með öryggiskerfi og eiga íbúar völ á fjölbreyttri þjónustu s.s. mat, þvotti, þrifum og aðgangi að félagsstarfi. Öryggi íbúa þarf að tryggja með því að setja upp dyrasíma og gæta þess að húsið sé læst þegar viðvera öldrunarfulltrúa er ekki. Jafnframt leggur hópurinn til að óskað verði eftir samstarfi við væntanlegt hjúkrunarheimili á Nesvöllum um sólahringsbakvaktir og þjónustu hjúkrunarfræðings og lækni.

Skoða þarf hvort hægt er að koma við heimsendingu á lyfjum í tengslum við heimsóknir hjúkrunarfræðings 1. sinni í viku og starfsemi í Álfagerði.

Skipulagt samráð eða upplýsingagjöf til eldri borgara

Frístunda og menningarnefnd Sveitarfélagsins Voga ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í samráði við starfsmenn og stjórnendur í öldrunarstarfi. Öldrunarfulltrúi ber ábyrgð á fjölbreyttri samvinnu við stofnanir einstaklinga og félagasamtök og hefur milligöngu um slík samskipti.

Efla þarf tengsl félagstarfs í Álfagerði við félag eldri borgara Suðurnesjum með það að markmiði að auðga félagsstarf íbúa í Vogum. Efla þarf samstarf við félagasamtök, skóla og leikskóla í anda menntastefnu sveitarfélagsins.

Öldrunarfulltrúi hefur frumkvæði að því að kalla saman öldungaráðs sveitarfélagsins til fyrstu funda og virkjar það til áframhaldandi starfs. Ráðið gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni eldri borgara og er öldrunarfulltrúa til leiðsagnar og samráðs um framkvæmd starfseminnar.

Við starfslok eru íbúum sem eru að ná 67 ára aldri sendar upplýsingar um starfslok og réttindi og skyldur þeim tengdum. Tvisvar á ári (ágúst og janúar) sendir öldrunarfulltrúi kynningarbréf til allra íbúa sveitarfélagsins 65 ára og eldri þar sem félagstarfið er kynnt og hvað er á döfinni í málefnum eldri borgara. Í ágúst er bréfið veglegra en þá er jafnframt kynnt öll þjónusta sem hópnum stendur til boða.

Tímasett kostnaðaráætlun

		Kostnaður á ári.	
1. janúar 2013.	Matur í hádeginu	300.000 kr.	
1. janúar 2013	Starfsmaður í 70% stöðu (50% viðbót og hugsanlega kauphækkun vegna breytingar á stöðu)	1.500.000 kr.	
Ágúst 2013.	Prentun á bæklingum	20.000 kr.	
Janúar 2014.	Auka við heimaþjónustu (60% staða við umhirðu og daglega aðstoð)	1,500.000 kr.	
September 2014.	Álfagerði verða þjónustuíbúðir í samstarfi við Nesvelli (breytingar á inngangi, bakvaktir, heimsóknir hjúkrunarfræðings í samstarfi við heilsugæsluna)	(2.500.000 kr.) gæti rúmast innan núverandi samstarfs DS Gert ráð fyrir 100% stöðu	
		2013.	1.820.000 kr
		2014	2.500.000 kr
		Alls	4,320.000 kr

Á móti kæmi leiga á íbúðum í Álfagerði 1,8 milljónir - beinn kostnaður 2.520.000 milljónir á ári.

Niðurlag

Stefnan skal endurskoðast á þriggja ára fresti að frumkvæði öldrunarfulltrúa.